

**Nd.**

## **216. Frumvarp**

til laga um greiðslu söltunarlauna úr búi Sildareinkasölu Íslands.

Flm.: Guðbrandur Ísberg.

### **1. gr.**

Úr búi Sildareinkasölu Íslands skal greiða sem forgangskröfur allar söltunarlaunakröfur sildarsaltenda frá siðastliðnu sumri, sem viðurkenndar voru af Sildareinkasölnni með því að greiða meiri hluta þeirra, enda sé felld niður jafnhá upphæð af forgangskröfum þeim, er rikissjóður á i bú Sildareinkasölnnar.

### **2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi þegar er þau hafa hlotið staðfestingu konungs.

### **Greinargerð.**

Á siðastliðnu sumri ákvað Sildareinkasalan, eins og að undanfögnu, að greiða sildarsaltendum söltunarlaun eftir taxta, sem hún sjálf hafði sett eða samþykkt. En með því að mjög fast var knúð á um greiðslu út á síldina sjálfa, greiddi Sildareinkasalan 2 krónur út á tunnu, áður en sildarsaltendum voru greidd söltunarlaunin að fullu, en samkv. 3. lið 4. gr. 1. nr. 61 frá 1929 átti að greiða allan kostnað við síldina, þar með talin verkunarlaun, áður en nokkuð væri greitt út á hana sjálfa. Að þessu leyti hefir Sildareinkasalan borið rétt sildarsaltenda fyrir borð, vafalaust þó i því trausti, að fljótlega yrði hægt að greiða það, sem eftir var af söltunarlaununum, enda mun hafa verið komið alveg að því, að þau yrðu greidd, þegar einkasalan var lögð niður. Nú telur skilanevnd sér óheimilt að greiða það, sem eftir var ógreitt af söltunarlaununum, og má það rétt vera. Hinsvegar hefði skilanevnd tvímælalaust verið heimilt að heimta aftur það, sem búið var að greiða út á síldina sjálfa, 2 krónur á tunnu. En bæði er það, að útgerðarmenn og sjómenn báru ærið skarðan hlut frá borði siðastliðið sumar, þó ekki sé farið að reita þessar 2 krónur af þeim aftur, og eins hitt, að slíkt væri alveg óframkvæmanlegt, þó reynt væri, og verður skilanevnd því af þeim sökum ekki gefið tómlæti i þessu efni að sök, enda mun engum heilvita manni koma til hugar að fara fram á slíkt. En réttur sildarsaltenda, sem eins og að framan segir hefir verið fyrir borð borinn, er hinn sami eftir sem áður, sem sé sá, að fá fulla greiðslu söltunarlaunanna, sem i eðli sínu eru „verkkaup“ og lögum samkv. áttu að greiðast áður en nokkuð var greitt út á síldina sjálfa. Og þar sem rikisstjórnin hefir gefið út bráðabirgðalög um skiptameðferð á búi Sildareinkasölnnar, og skorið þannig fyrir greiðslu söltunarlauna frekar en orðið var, verður tæplega með rökum neitað, að hún hafi jafnframt tekið á rikissjóð ábyrgð á orðinni vanrækslu i þessu efni. Nú á rikissjóður forgangskröfu á Sildareinkasölna, óinnheimta tolla, nokkuð mikið á þriðja hundrað þús. krónur, sem lögheimilt er

að innheimta. En óneitanlega væri það hart að gengið, samtímis því, að vanrækt er að greiða fyrir vinnu við að gera síldina að útflutningsvöru, og útgerðarmönnum og sjómönnum aðeins greiddar 2 krónur út á tunnu, að taka í rikissjóð með tollum 2—3 krónur af hverri útfluttri tunnu. Eins og útkoma einkasölunnar var síðastliðið ár, nær slíkt vitanlega engri átt. Er því í frumvarpi þessu lagt til, að rikissjóður gefi eftir jafnháa upphæð af tollakröfu sinni sem eftirstöðvum söltunarlaunanna nemur, til hagnuna fyrir síldarsaltendur, er á þann hátt fengju hlut sinn réttan án þess að nokkrum öðrum væri með því óréttur ger.